

# Gauraflokkur 2009

- Samantekt á niðurstöðum símakönnunar –

Bóas Valdórsson  
Ársæll Aðalbergsson  
Jón Grétar Þórsson

# Efnisyfirlit

Um Gauraflokkinn.....	3
Niðurstöður símakönnunar fyrir Gauraflokk 2008 .....	3
Um símakönnunina:.....	3
Niðurstöður símakönnunar: .....	4
Samantekt á niðurstöðum.....	8
<b>Viðauki 1</b> - Spurningakönnun .....	9
<b>Viðauki 2</b> - Ábendingar frá foreldrum: .....	11

# Gauraflokkur 2009

## - Samantekt á niðurstöðum símakönnunar -

Niðurstöður þessarar símakönnunar eru samhljóma við sambærilega könnun sem gerð var í tengslum við Gauraflokk 2008. Mjög sterk jákvæð viðbrögð koma frá foreldrum á öllum spurningum. Ábendingar foreldra eru jákvæðar og gagnlegar. Í samanburði á milli 2008 og 2009 kemur fram að foreldrar í Gauraflokki 2009 eru jákvæðari. Bendir það til þess að tekist hafi að þróa verkefnið og bæta gæði þess á milli ára.

### Um Gauraflokkinn

Gauraflokkur er heiti á sumarbúðar flokki á vegum Skógarmanna KFUM/K sem ætlaður er fyrir drengi með ofvirkni/ athyglisbrest og skyldar raskanir. Um er að ræða 6 daga dvöl í Vatnaskógi þar sem reynt er að mæta þörfum þessara drengja á uppbyggilegan og jákvæðan hátt. Sjá nánar umfjöllun og lýsingu á Gauraflokki í fréttabréfi ADHD samtakana 1.tbl 22. Árg. 2009 ([http://adhd.is/Files/Skra\\_0036476.pdf](http://adhd.is/Files/Skra_0036476.pdf))

Í Gauraflokki 2009 voru 81% drengja á einhverskonar lyfjameðferð við hegðunar- eða tilfinningaerfiðleikum. Bendir það til þess að stærsti hluti þessar drengja hefur farið í gegnum mat hjá lækni til að meta umfang erfiðleika. 63% voru að koma í fyrsta skipti í Vatnaskóg og 31% drengja glímdu við aðskilnaðarerfiðleika eða svefnerfiðleika.

### Niðurstöður símakönnunar fyrir Gauraflokk 2008

Sambærileg könnun var gerð fyrir Gauraflokk 2008. Var svarhlutfall þá 65%. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:


- 94% aðspurðra foreldra voru frekar ánægð eða mjög ánægð með Gauraflokkinn.
- 94% aðspurðra foreldra töldu líklegt eða mjög líklegt að þau myndu leyfa drengnum sínum að koma aftur í Gauraflokk.
- 91% aðspurðra foreldra töldu að vera í floknum hafi verið gagnleg fyrir drenginn sinn.
- 88% aðspurðra foreldra töldu að drengnum sínum hafi fundist frekar gaman eða mjög gaman í Gauraflokki.
- 79% aðspurðra foreldra töldu að drengnum sínum hafi liðið vel eða mjög vel í Gauraflokki.

### Um símakönnunina:

Hringt var í alla foreldra drengja sem voru í Gauraflokki 2009. Markmiðið var að meta viðhorf foreldra til Gauraflokks og reynslu þeirra af því að senda dreng í flokkinn (sjá spurningalista í viðauka 1).

Svarhlutfall var 61% (n=34). Meðalaldur drengja í Gauraflokki 2009 var 10,6 ár. Aldur drengjanna í símakönnunni var 11,3 ár. Skýrist þessi munur líklega af því að könnunin var lögð fyrir 6 mánuðum eftir að drengirnir höfðu verið í Gauraflokki. Mæður voru 67 % svarenda.


### Niðurstöður símakönnunar:




Yfir helmingur foreldra höfðu frétt af Gauraflokki frá fagfólki (sálfræðingum, félagsráðgjöfum, geðlæknum) eða hjá ADHD samtökunum. Einnig var nokkuð stór hluti sem frétt hafði af flokknum af afspurn, á netinu eða í blaði KFUM/K.



Á etirfarandi blaðsíðum eru birtar niðurstöður á sex spurningum þar sem foreldrar voru spurðir út í starf Gauraflokks frá ólíkum hliðum. Meðal þess sem spurt var um er undirbúningur og upplýsingar fyrir flokkinn, upplifun foreldra á líðan drengjanna í flokknum og líkurnar á því að foreldri sendi drenginn sinn aftur í Gauraflokkinn. Samantekt á niðurstöðum er á blaðsíðu 8.

**Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Gauraflokkinn?**




**Hvernig heldur þú að drengnum þínum hafi fundist í Gauraflokknum?**






**Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú leyfir drengnum þínum að koma aftur í Gauraflokk?**



**Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ert þú við undirbúning og upplýsingagjöf fyrir flokkinn?**



## Samantekt á niðurstöðum

Foreldrar eru mjög ánægðir með flokkinn og telja foreldrar að drengjunum sínum hafi auk þess fundist gaman í Gauraflokki. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra telur líklegt að þeir sendi drengina sína aftur í Gauraflokk og flestir telja að dvöl í floknum hafi verið gagnleg fyrir drengina og að drengjunum hafi liðið vel í floknum. Í nýrri spurningu sem bætt var við ár kemur fram að 85% foreldra eru frekar sáttir eða mjög sáttir við undirbúning og upplýsingagjöf fyrir flokkinn.

Miðað við niðurstöður síðasta árs þá eru svörun foreldra samhljóma og janvel jákvæðari eftir Gauraflokk 2009 en 2008(sjá talfa 1).

Tvö af lykilmarkmiðum Gauraflokks eru að annars vegar að dvöl þar sé jákvæð upplifun í huga þátttakenda sem og hvíld fyrir foreldra drengja með ADHD og skyldar raskanir. Af svörum foreldra að dæma virðast þessi markmið hafa náðst. Niðurstöður síðustu tveggja ára sýna að flestir foreldrar og drengir sjá Gauraflokk í jákvæðu ljósi og eru ánægðir með dvölinna þar. Í opinni spurningu gafst foreldrum færi á að koma með ábendingar. Allar ábendingar eru birtar í viðauka 2. Sterk jákvæð viðbrögð koma þar fram sem og athugasemdir sem auðvelt má telja að hægt verið að koma á mótis við.

**Tafla 1. Samanburður á niðurstöðum símakönnunar á milli ára**

	2008	2009
Hlutfall foreldra sem var frekar ánægð eða mjög ánægð með Gauraflokk (sp. 5)	94 %	100%
Hlutfall foreldra sem töldu líklegt eða mjög líklegt að þau myndu leyfa drengnum sínum að koma aftur í Gauraflokk (sp 9).	94%	97%
Hlutfall foreldra sem töldu að vera í floknum hafi verið frekar gagnleg eða mjög gagnleg fyrir drenginn sinn (sp. 8).	91%	91%
Hlutfall foreldra sem töldu foreldra töldu að drengnum sínum hafi fundist frekar gaman eða mjög gaman í Gauraflokki (sp. 6).	88%	97%
Hlutfall foreldra sem töldu að drengnum sínum hafi liðið vel eða mjög vel í Gauraflokki (sp. 7).	79%	94%
Hlutfall foreldra semvoru sátt eða mjög sátt við undirbúning og upplýsingagjöf fyrir flokkinn (sp. 10)	-ekki spurt-	85%

## Viðauki 1 - Spurningakönnun

Spurningar fyrir foreldra drengja sem voru í Gauraflokk 2009.

### Dæmi um kynningu:

Góðan daginn/kvöldið

Ég heiti \_\_\_\_\_ og er að hringja fyrir hönd KFUM og skógarmanna í foreldra þeirra drengja sem voru í Gauraflokki síðasliðið sumar.

Við erum að reyna að leggja lauslegt mat á hvernig Gauraflokkurinn gekk og okkur langar því að leggja fyrir þig örfáar stuttar spurningar sem tengjast Gauraflokknum? Hefur þú tök á að svara nokkrum spurningum í tengslum við Gauraflokk? (lengd ca 5 mín).

Svarandi er:  Móðir  Faðir

<b>1. Hversu gamall er drengurinn þinn</b>				
<input type="checkbox"/> 6 ára		<input type="checkbox"/> 10 ára		
<input type="checkbox"/> 7 ára		<input type="checkbox"/> 11 ára		
<input type="checkbox"/> 8 ára		<input type="checkbox"/> 12 ára		
<input type="checkbox"/> 9 ára				
<b>2. Hvar fréttir þú af Gauraflokknum?</b>				
<b>3. Hvað þótti drengum þínum skemmtilegast í Gauraflokknum? (Atriðin hér fyrir neðan eru bara dæmi um dagskráratriði sem voru í boði)</b>				
<input type="checkbox"/> Bátar		<input type="checkbox"/> Hoppukastalar		
<input type="checkbox"/> Íþróttir		<input type="checkbox"/> _____		
<input type="checkbox"/> Listasmiðja		<input type="checkbox"/> _____		
<input type="checkbox"/> Kvöldvökur				
<b>4. Hvað þótti drengum þínum leiðinlegast í Gauraflokknum? (Atriðin hér fyrir neðan eru bara dæmi um dagskráratriði sem voru í boði)</b>				
<input type="checkbox"/> Bátar		<input type="checkbox"/> Hoppukastalar		
<input type="checkbox"/> Íþróttir		<input type="checkbox"/> _____		
<input type="checkbox"/> Listasmiðja		<input type="checkbox"/> _____		
<input type="checkbox"/> Kvöldvökur				
<b>5. Hversu ánægð (ur) eða óánægð (ur) ert þú með Gauraflokkinn?</b>				
<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>
Mjög óánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Hvorki né	Frekar ánægð(ur)	Mjög ánægð(ur)

<b>6. Hvernig heldur þú að drengnum þínum hafi fundist í Gaurafloknum?</b>				
1	2	3	4	5
Mjög leiðinlegt	Frekar leiðinlegt	Hvorki né	Frekar gaman	Mjög gaman
<b>7. Hvernig telur þú að drengnum þínum hafi liðið í Gaurafloknum?</b>				
1	2	3	4	5
Mjög illa	Frekar illa	Hvorki né	Frekar vel	Mjög vel
<b>8. Hversu gagnlegan eða ógagnlegan telur þú Gauraflokkinn hafa verið fyrir drenginn þinn ?</b>				
1	2	3	4	5
Mjög ógagnlegan	Frekar ógagnlegan	Hvorki né	Frekar gagnlegan	Mjög gagnlegan
<b>9. Hversu líklegt eða ólíklegt er þú leyfir drengnum þínum að koma aftur í Gauraflokk?</b>				
1	2	3	4	5
Mjög ólíklegt	Frekar ólíklegt	Hvorki né	Frekar líklegt	Mjög líklegt
<b>10. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur er þú við undirbúning og upplýsingagjöf fyrir flokkinn?</b>				
1	2	3	4	5
Mjög ósátt/ur	Frekar ósátt/ur	Hvorki né	Frekar sátt/ur	Mjög sátt/ur
<b>11. Annað sem þú vilt koma á framfæri til aðstandenda Gauraflokks? (einhverjar ábendingar, hugmyndir eða tillögur?)</b>				

## Viðauki 2 – Ábendingar frá foreldrum (sp. 11):

Annað sem þú vilt koma á framfæri til aðstandenda Gauraflokks? (Einhverjar ábendingar, hugmyndir eða tillögur?). *Eftirfarandi eru athugasemdir beint hafðar eftir foreldrum í símaviðtali.*

- Vefsíða vantar fleiri myndir, jafnari af drengjunum
- Ánægja, of snemma kannski
- Eignaðist vini, viðkvæmt mál var lyfin, fannst áður að hann væri óeðlilegur, gerði honum mjög gott.
- Frábærar myndir
- Mjög ánægðir, vel að þessu staðið af kunnáttu fólki
- Frábært, hann talar en um flokkinn
- Á ekki að gera neitt fyrir stelpur
- Skóli var en í gangi, kom heim í jafnvægi og jákvæður.
- Bara gott um þetta að segja
- Frábært framtak
- Vel mannað, örugg með hann þarna.
- Mjög ánægður, Vaxin upp úr þessu.
- Frábært starf
- Gott starf
- Að láta flokkinn enda á sunnudegi, hann átti að nota krem, Fór og kom í sömu fötunum, nærbuxum og öllu.
- Í sömu fötunum allan tímann.
- Móðir vill þakka fyrir þetta ótrúlega starf. Henni finnst þetta ótrúlegt starf.
- Finnst þetta frábært
- Að þurfa að borga rútuna. Annars alment ánægður.
- Fannst þetta frábært
- Mjög ánægð hvernig til tóks. Vel heppnað.
- Skipta þarf hópnum upp í minni hópa, einhverf börn höndla ekki stóra hópa.
- Mjög flott
- Vil meiri upplýsingar til foreldra. Hvernig barnið var í flokknum. Hvernig barninu gekk í öðru umhverfi.
- Vil upplýsingar fyrir brottför. Helst blað eða email.